

12. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 11. 01 2011, Végarði kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, einnig var mættur Björn Ármann Ólafsson formaður svæðisráðs Austursvæðis Vatnajökulshjódgarðs.

Dagskrá:

- 1. Vatnajökulshjódgarður/Björn Ármann Ólafsson, formaður svæðisráðs Austursvæðis**
- 2. Skýrsla oddvita.**
- 3. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1**
- 4. Skráning landamerkja**
 - a) Tilboð í innmælingu landamerkja dags. 05.01
 - b) Drög að samningi við Mannvit verkfræðistofu
- 5. Skipun varafulltrúa í félagsmálanefnd.**
- 6. Brunavarnir á Austurlandi**

Samningur um sjúkraflutninga á Vopnafirði
- 7. Laugarfell**

Verkfundargerð 29.12
- 8. Bréf**
 - a) Barri hf, dags 03.01
 - b) Velferðarráðuneytið dags. 03.01
 - c) Vegagerðin/Steinþór Björnsson, tölvupóstur 06.01
 - d) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 30.12
 - e) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði , afrit dags. 05.03 2007
- 9. Fundargerðir**

Starfshópur "Austfirsk eining,, 06.01
- 10. Önnur mál**

1. Vatnajökulshjódgarður.

Í Umhverfissráðuneytinu hefur staðið yfir vinna við undirbúning breytinga á lögum um Vatnajökulshjódgarð. Í drögunum virðist m.a.stefnt að því að takamarka völd svæðisráða og gera alla stjórn hjódgarðsins miðlægari en nú, m.a. með því að auka völd framkvæmdastjóra sem situr í Reykjavík. Ganga þessar hugmyndir í berhöggi við þá umræðu sem var við stofnun hjódgarðsins og góð sátt var um. Björn Ármann sagði frá því að stjórn hjódgarðsins hafi vísað frá sér að fjalla um lagabreytingar á lögum um Vatnajökulshjódgarð, með þeim rökum að í núgildandi lögum kæmi skýrt fram að lögin skuli endurskoða í samvinnu ríkis og sveitarfélaga í síðasta lagi 1. janúar 2013. Að áliti lögmanns sem leitað var til, væri ekki hægt að líta svo á að umfjöllun um lagabreytingarnar í stjórn hjódgarðsins væri nægjanlegt samráð við sveitarfélög. Ráðuneytið finnur málinu því væntanlega annan farveg varðandi samráð verði haldið áfram með lagabreytingarnar. Ráðherra hefur ekki enn skrifað undir Stjórnar-og verndaráætlun fyrir hjódgarðinn, Björn taldi áriðandi að það yrði áður en sumarstarfsemi hæfist. Niðurskurður í fjárlögum ríkisins bitnar meira á framkvæmdafé, en fé ætluðu til reksturs.

Á Austursvæði hjódgarðsins störfuðu 5 landverðir s.l. sumar. 2 í Snæfelli, 2 í Kverkfjöllum og 1 í Hvannalindum. Oddviti benti á að nýr Laugarfellskáli væri að rísa, skálinn væri mjög vel staðsettur hvað varðaði aðkomu að eystri hluta austursvæðis hjódgarðsins og ætla mætti að starfsemi í hjódgarðinum gæti nýtt skálann að einhvefru leyti. Áætlað er að starfsemi Snæfellsstofu á Skriðuklaustri verði með svipuðum hætti og eftir opnun stofunnar sl. sumar. Með aðkallandi framkvæmdum í hjódgarðinum næsta

sumar eru merkingar og upplýsingaskiltagerð. Fundargerðir Svæðisráðs Austursvæðis eru vistaðar undir heimsíðu þjóðgarðsins <http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/starfsemi/svaedisrad/austursvaedi/>

Birni Ármanni þökkun koman og yfirgaf hann fundinn kl. 14.30

2. Skýrsla oddvita.

Fulltrúi Orkuseturs, ásamt starfsmanni Þróunarfélags Austurlands komu í heimsókn í Végarð 8. des sl. og ræddu orkumál og hvaða lausnir eru í boði varðandi orkusparnað. Minnt var á heimasíðu Orkuseturs www.orkusetur.is, þar sem er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar. Í framhaldi af heimsókninni verður reiknuð út hagkvæmni þess að setja upp varmadælu í Végarði.

Framkvæmdir við að opna milli sala í Végarði eru hafnar og á að vera lokið fyrir þorablót 5. febrúar.

Skipulagsstofnun hefur birt árlega lista yfir skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Alþingi samþykkti fyrir áramót heildarlög um mannvirki, en þau fela í sér að ný ríkisstofnun (Mannvirkjastofnun) tekur til starfa um áramót 2010/2011. Stofnunin fellur undir starfssvið Umhverfissráðherra. Jafnframt verður Brunamálstofnun lögð niður og ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Mannvirkjastofnunar. Í lögnum er gert ráð fyrir að byggingarnefndir verði valkvæðar, þannig að sveitarstjórnir verður heimilt að kveða á um starfrækslu slíkrar nefndar í sérstakri samþykkt. Þá koma sveitarstjórnir að meginreglu ekki að stjórnsýslu byggingarmála með beinum hætti. Hlutverk þeirra verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan munu sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits.

Breytingar sem verða hjá sveitarfélögum við nýju lögin hafa ekki verið kynntar þeim sérstaklega.

Á stjórnarfundum Almannaþingarnefndar 10. des sl. voru kynnt drög að rýmingaráætlun vegna mögulegs stíflurofs Ufsar- og Kelduárlóns. Þegar drögin hafa verið fullunnin er stefnt að kynningarfundum fyrir íbúa í Fljótsdalshreppi og í framhaldinu verður haldin rýmingaræfing. Nokkuð hefur verið rætt um að gsm símasamband sé ekki fullnægjandi í Norður- og Suðurdal og ekki hægt að treysta á það við rýmingarboðun. Stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar hefur sent sveitarstjórn kort sem fengin voru hjá Símanum og Vodafone og sýna dreifingu símasambands. Á kortunum sést að símasamband er glöppótt í báðum dölunum.

Samkvæmt íbúatölum Hagstofu Íslands 1. desember 2010 eru íbúar Fljótsdalshrepps 79 og hefur fækkað um 11,24 % (10) frá fyrra ári.

Framkvæmdastjóri SSA hefur tekið saman tölur um íbúapróun á Austurlandi á tímabilinu 1990-2010. Íbúum hefur fækkað í öllum sveitarfélögum nema Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Fljölgun þar nær ekki að vega upp heildarfækkun íbúa á svæðinu.

Upplýst hefur verið um nýtt samkomulag um framlög til Varasjóðs húsnæðismála og að ekki er gert ráð fyrir rekstrarframlögum frá sveitarfélögum árin 2010 og 2011.

Landsvirkjun hefur sent sveitarfélaginu skýrsluna: Grugg og gegnsæi í Lagarfljóti fyrir og eftir gangsetningu Kárhjúkavirkjunar LV-2010/123

Samband íslenskra sveitarfélaga hefr gefið út “ Skólaskýrslu,, . Í skýrslunni er að finna tölulega upplýsingar um skólamál. Fjallað er bæði um leik-og grunnskóla.

3. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1.

Vegna ábendinga og athugasemda sem fram koma í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 21.09 2010, hefur skipulagsráðgjafi unnið lagfæringar á skipulagsgögnum sbr. minnisblað Mannvits verkfræðistofu dags. 09.12 2010.

Gerð hefur verið betri grein fyrir skýringarmynd á uppdrætti, með tilvísun í greinagerð. Deiliskipulagið er ekki talið falla undir mat á umhverfisáhrifum vegna ruðnings náttúrulegra skóga. Mögulegri skógareyðingu af völdum skipulagsins verður mætt með plöntun trjáa á Víðivöllum, en þar eru um 120 ha sammingsbundið skógræktarsvæði. Gerð hefur verið grein fyrir núverandi mannvirkjum í greinagerð og sýnd tenging allra lóða við gatnakerfi og bílastæði á lóðum. Fornleifar hafa verið afmarkaðar á uppdrætti og gerð breyting á byggingarreit á lóð 1 og legu vegar við lóð 1-3 til að fornminjum verði ekki raskað. Vatnsverndarsvæði vatnsbóla eru sýnd á korti, einnig er sýnd staðsetning fyrir sameiginlega rotþró. Lagfærður hefur verið texti greinagerðar hvað varðar frávík frá skipulagi og tilvísun í skipulags-og byggingarlög.

Eiganda Víðvalla ytri 1 hafa verið kynntar breytingarnar og gerir hann ekki athugasemdir.

Oddvita falið að senda Skipulagsstofnun leiðrétt deiliskipulagsgögn og önnur skjöl er varða skipulagið og stofnunin óskar eftir að fá.

Með vísan í 25. gr skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkir sveitarstjórn deiliskipulagið með áorðnum breytingum og felur oddvita að auglýsa staðfestingu þess í Dagskránni og B-deild Stjórnartíðinda.

4. Skráning landamerkja

- a) Tilboð í innmælingu landamerkja dags. 05.01. Tilboðið barst of seint þar sem ákvörðun hafði verið tekin um að taka tilboði Mannvits í skráninguna.

Jóhann vék af fundi.

- b) Drög að samningi við Mannvit verkfræðistofu. Samþykkt að oddviti komi á framfæri ábendingum við samninginn og að skrifa undir samninginn að því loknu.

Jóhann kom aftur til fundar.

- 5. Skipun varafulltrúa í félagsmálanefnd.** Samþykkt að Anna Jóna Árnarsdóttir verði varafulltrúi sveitarfélagsins í félagsmálanefnd.

6. Brunavarnir á Austurlandi

Samningur um sjúkraflutninga á Vopnafirði. Kynnt.

7. Laugarfell

Verkfundargerð 29.12. Kynnt.

8. Bréf

- a. Barri hf, dags 03.01. Aðalfundur Barra hf verður haldinn á Valgerðarstöðum fimmtudaginn 13. Janúar kl 20:00. Jóhanni falið að fara með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.
- b. Velferðarráðuneytið dags. 03.01. Varðar fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.
- c. Vegagerðin/Steinþór Björnsson, tölvupóstur 06.01. Óskað er eftir staðfestingu á lögheimili og búsetu Þorsteins Péturssonar í Víðivallagerði. Staðfest af hálfu sveitarstjórnar.
- d. Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 30.12. Kynning á stofnun innanríkisráðuneytis.
- e. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði , afrit dags. 05.03 2007. Samþykkt að afskrifa opinber gjöld vegna erlends aðila sem er farinn af landi brott kr 713.091-

9. Fundargerðir

Starfshópur “Austfirsk eining,, 06.01. Kynnt.

10. Önnur mál.

Fulltrúi sveitarfélagsins í búfjárefnirlitsnefnd Héraðssvæðis, Anna Bryndís Tryggvadóttir mætt til fundar að beiðni sveitarstjórnar. Rædd voru málefni og starfsemi búfjárefnirlits á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:45
Þorvarður ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)